

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 357/2013**

**2013/EES/64/21**

**frá 18. apríl 2013**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 903/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 373/2011 að því er varðar lágmarksinnihald blöndu með *Clostridium butyricum* (FERM BP-2789) sem fôðuraufefni fyrir eldiskjúklinga og aukafuglategundir (að undanskildum varpfuglum) (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Notkun á blöndu með *Clostridium butyricum* (FERM BP-2789), sem tilheyrir virka hópnunum „dýraræktaraukefni“, var leyfð til 10 ára sem fôðuraufefni til notkunar fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 903/2009<sup>(2)</sup> og fyrir aukafuglategundir (að undanskildum varpfuglum) og fyrir fráfarugrís og aukategundir svína (eftir fráfarur) með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 373/2011<sup>(3)</sup>.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir blöndunni sem um er að ræða með því að minnka lágmarksinnihald hennar úr  $5 \times 10^8$  CFU/kg í  $2,5 \times 10^8$  CFU/kg heilfôðurs, að því er varðar notkun fyrir eldiskjúklinga og aukafuglategundir (að undanskildum varpfuglum). Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendí umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“).
- 3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 11. desember 2012<sup>(4)</sup> að við ný, tillögð notkunarskilyrði geti blandan, sem um er að ræða, mögulega bætt afurðasemi í þeim lágmarksskammti sem óskað er eftir sem er  $2,5 \times 10^8$  CFU/kg fyrir eldiskjúklinga

og aukafuglategundir (að undanskildum varpfuglum). Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraufefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 903/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 373/2011 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 903/2009, í dálkinum „Lágmarksinnihald“, komi „ $2,5 \times 10^8$ “ í stað „ $5 \times 10^8$  CFU“.

*2. gr.*

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 373/2011, í dálkinum „Lágmarksinnihald“ fyrir aukafuglategundir (að undanskildum varpfuglum), komi „ $2,5 \times 10^8$ “ í stað „ $5 \times 10^8$  CFU“ og fyrir fráfarugrís og aukategundir svína (eftir fráfarur) komi „ $2,5 \times 10^8$ “ í stað „ $2,5 \times 10^8$  CFU“.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. apríl 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 109, 19.4.2013, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 183/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 26.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 10.

<sup>(4)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(1), 3040.